



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um borð og bekki fyrir hjólastólanotendur (US210317).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að bekkir og borð sem henta einstaklingum er nýta hjólastóla verði settir upp á völdum stöðum í borgarlandinu (sjá myndir). Lagt er til að leitað verði til Sjálfsbjargar varðandi val og staðsetningu á þessum bekkjum og borðum.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 10. nóvember sl.

Umsögn:

Skrifstofan er hlynnt þeirri hugmynd að bekkir og borð sem henta einstaklingum í hjólastólum séu sett upp í borgarlandinu og hefur leitast við það að tryggja aðgengi allra að bekkjum á sem flestum stöðum, með því að skapa rými fyrir einstakling í hjólastól við hlið bekkja. Ekki hefur verið unnið eins markvist með það að bæta aðgengi að borðum þó dæmi séu um það.

Ekki er gerð athugasemd við að leitað verði til Sjálfsbjargar varðandi val og staðsetningu bekkja og borða.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
starfandi samgöngustjóri